

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um neitun staðfestingar á lögum um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða. - Alþingi það, er saman kom 1883, samþykkti lagafrumvarp eitt, er fram kom af þingmanna hálfu, um að heimilt skyldi Íslenskum mönnum, heimilisföstum á Íslandi, og innlendum hlutafjelögum að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða við Ísland; frumvarpið var samþykkt í sameinuðu þingi óbreytt eins og flutningsmaðurinn hafði borið það upp í neðri deild þingsins, en hann færði þær ástæður fyrir frumvarpinu, að vera kynni nokkur efi, þótt lítil væri, á því, hvort landsyfirrettardómur einn, sem þá var nýlega kveðinn upp, væri rjettur, en með honum hafði verið dæmt heimilt að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða í landhelgi; væri það æskilegt að taka af þennan efa, því lögin ættu að vera ljós.

Áður en fullnaðarákvörðun væri tekin með tilliti frumvarps þessa, þótti ráðgjafanum rjettast að biða eptir úrslitum málsins fyrir hæstarjetti, sem ofanefndur dómur landsyfirrettarins hafði verið lagður fyrir til prófunar. En með dómi 3. október f. á. hefur hæstirjettur nú dæmt, að eptir gildandi lögum, einkum tilskipun 13. júní 1787 I. 10. gr., sje eigi heimilt að hafa önnur skip en dönsk til fiskiveiða í landhelgi, og hefur hæstirjettur þannig aðhyllt þann skilning á lögunum, sem stjórnin hefur ávallt haldið fram; og þegar þannig, að líkindum á rjettasta hátt, var leyst úr efa þeim, sem hafður var að ástæðu fyrir frumvarpinu, þegar það var borið upp, þá kom það til álita fyrir ráðgjafanum hvort ráðlegt væri, að breyta banni gildandi laga gegn því, að hafa útlend skip til ádurnefndra fiskiveiða, í frelsi það í því efni, sem frumvarp alþingis fer fram á að veita.

Eptir álitum ráðgjafans verður að neita því, að slíkt sje ráðlegt, því afnám bannsins gegn því að hafa útlend skip til fiskiveiða mundi að líkindum ekki hafa þann hagnað í för með sjer fyrir Íslendinga, sem næmi tjóni því, er óttast má að slíkt mundi valda. Hagnaðurinn, er leiddi af lagafrumvarpinu, yrði einkum fölginn í því, að ódýrara mundi að fá útlend skip, einkum norsk, á leigu en dönsk skip; en þó þessu væri nú sem stendur þannig varið, er að líkindum engin ástæða til að ætla, að svo muni jafnaðarlega verða um langan aldur. Af orðum sumra alþingismanna við umræðurnar um frumvarpið er þó ástæða til að ætla, að menn hafi haft annað fyrir augum með frumvarpinu, og að menn hafi ætlað að með því mætti löghelga samninga milli Íslendinga og norskra skipstjóra um að reka fiskiveiðar í fjelagsskap. En þessi ætlun er röng, því þótt frumvarpið yrði að lögum, stæði þó bannið gegn fiskiveiðum fyrir reikning útlendinga (að öllu eða nokkru leyti) í opnu brjefi 7. marz 1787, óhaggað. Þarsem þannig ekki er ljóst, að nokkuð verulegt ynnist við afnám banns þess, sem hjer er um að ræða, er að hinu leytinu tjón það, sem af því gæti hlotizt, mjög mikið. Bannið gegn því að hafa útlend skip stendur í nánasta sambandi við bannið gegn því, að útlendir þegnar reki fiskiveiðar í landhelgi, svo að ómögulegt er að beita hinu síðarnefnda banni, ef leyft er að hafa útlend skip til fiskiveiðanna. Í fyrsta lagi virðist það ljóst, að ómögulegt yrði að hafa eptirlit það, sem herskip það hefur haft, sem á ári hverju er látið vera við stendur Íslands, því það liggur í augum uppi, að herskipsforinginn getur ekki í hverju einstöku tilfelli farið að rannsaka, hvort fiskiveiðar, sem reknar eru á skipi með útlendu flaggi, sjeu heimilar af því Íslendingar hafi tekið skipið á leigu. Í þessu tilliti verður það þýðingarlaust, þó skipað væri fyrir, eins og efri deild alþingis stakk upp á, að gera skuli skriflegan skipsleigu-samning, sem skipstjóri sýni, þegar þess er krafizt, því ekki getur verið umtalsmál að skipsskjölin verði skoðuð í hverju einstöku tilfelli; eptirlit á sjó verður einungis að miðast við flaggið, sem fiskiskipið hefur. Ef lögnum er breytt í þá átt, að fiskiveiðar í landhelgi geta verið heimilar fiskiskipi með útlendu flaggi, getur það að líkindum engum efa verið bundið, að hinir útlendu fiskiflotar, sem

55 á ári hverju reka fiskiveiðar í hafinu kring um Ísland, mundu nota sjer það, að með
26. maí. því móti yrði ómögulegt að hafa eptirlit á sjó, og færur þegar þeim litizt inn í landhelgi.

Þegar þeirri grundvallarreglu, að einungis skip með dönsku flaggi megi fiska í landhelgi, er sleppt, verður þannig ekkert úr vernd þeirri, sem fiskiveiðar Íslendinga hafa notið gegn yfirgangi útlendinga af veru herskipsins, og sem Íslendingar þakklátlega hafa talið mikla hjálp, þótt slík vernd geti verið að eins ófullkomin. Og að hinu leyti verður yfirvöldunum á Íslandi ekki unnt að koma á eptirliti í þess stað, sem nokkurt gagn sje að. Þetta liggur beinlínis í augum uppi, að því er snertir eptirlit með útlendum fiskiskipum, sem ekki leggja út frá Íslandi til fiskiveiðanna; en þess verður heldur ekki gætt, að fiskiveiðarnar sjeu ekki reknar á kostnað útlendinga, þó skipin leggi út frá Íslandi. Ef slíkt frumvarp, sem það er hjer liggur fyrir, yrði að lögum, mundu útlendir útgjörðarmenn, sem vilja hafa einhvern stað á Íslandi að stöð fyrir fiskiveiðar sínar í landhelgi, eiga mjög hægt með að láta fyrirtæki sitt hafa yfirskin laganna með haganlegu samkomulagi við einhvern af landsbúum og búa þá svo um hnútana, að þeir sjálfir fengju mestan hlutann af aflanum; það mætti óttast fyrir, að árangurinn yrði sá, að fiskiveiðar útlendinga fengju fastar stöðvar á Íslandi, en af því væri fiskiveiðum landsmanna hinn mesti háski búinn.

Efri deild alþingis hefur einnig ljóslega sjeð þessa hættu, en þarsem þingdeildin virðist hafa ætlað, að komið yrði í veginn fyrir hana með því að setja takmarkanir og skilmála fyrir heimildinni til að taka útlend skip á leigu. Þá verður ráðgjafinn samkvæmt því, sem fram er tekið hjer að framan, að vera þeirrar skoðunar, að engin trygging fái á þennan hátt.

Þannig hefur ráðgjafinn ekki getað álitid lagafrumvarpið lagað til þess að verða að lögum; það er líka sá verulegi galli á því, að heimild sú, sem með því er veitt, eigi nær til allra danskra þegna, heldur einungis til Íslendinga þeirra, sem heimilisfastir eru á Íslandi, og eptir að ráðgjafinn samkvæmt þessu hafði borið fram allra þegnlegustu tillögu, hefur hans hátign konunginum 22. p. m. þóknast allramildilegast að fallast á, að lagafrumvarpið fái ekki allrahæsta staðfestingu.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-deild stjórnartíðindanna, að því við bættu, að ráðgjafinn hefur heldur ekki ætlað, samkvæmt því sem fram er tekið hjer á undan, að taka ætti til greina tillögu yðar í þóknanlegu brjefi 26. nóvember f. á., um að leggja fyrir alþing frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða, með takmörkunum þeim, sem gætu þótt nauðsynlegar.

56 Brjef landshöfðingja til póstmestarans um póstávisanasendingar yfir England
4. júní. til ýmsra landa í hinum álfunum. — Einsog yður þegar áður er kunnugt orðið, herra póstmestari, hefur enska póststjórnin í vetur boðið milligöngu sína til þess að póstávisanir gætu gengið milli Íslands og ýmsra nákvæmar tilgreindra landa í hinum álfunum, og skyldi farið með póstávisanir þessar á sama hátt og með þær, sem ganga milli Íslands og Englands, að öðru leyti en því, að enska póstsjórnin taki af upphæð þeirri, er ávisanirnar hljóða uppá, þegar þær koma til Englands, sem þóknun fyrir að koma þeim áleiðis:

af póstávisunum allt að 2 pundum	3 penze
— — — — yfir 2 pund allt að 5 pundum	6 —
— — — — — 5 — — — 7 —	9 —
— — — — — 7 — — — 10 —	1 shilling.